10	Verk í biðröð	Sýna öll núverandi prentverk. Athugasemd: Þú getur líka farið í þessa stillingu með því að snerta efsta hlutann á heimaskjánum.
11	USB-drif	Skoða, velja eða prenta myndir og skjöl af minnskorti.
12	Prófilar skönnunar	Skanna og vista skjöl beint á tölvunni.
13	FTP	Skanna og vista skjöl beint á FTP-miðlara.
14	Bókmerki	Skipuleggja öll bókamerki.
15	Harður diskur	Skoða, velja og stjórna skjölum af harða disknum eða skynvæddu geymsludrifi.
16	Mappa netkerfis	Skanna í möppu á netinu eða staðsetningar á netinu.
17	Start-hnappur	Gangsetja verk, fer eftir hvaða stilling er valin.

#	Tákn	Virkni
18	Hnappaborð á skjánum	Skrá tölur eða tákn í inntakssvæði.

Sérnsíða heimaskjáinn

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Tæki > Sýnileg tákn á heimaskjá**.

3 Gerðu eitt eða fleira af eftirfarandi:

- Til að bæta við tákni á heimaskjáinn, smelltu á **+**, veldu heitið á appinu, og smelltu síðan á **Bæta við**.
- Til að fjarlægja tákn af heimaskjánum, veldu heitið á appinu, og smelltu síðan á **Fjarlægja**.
- Til að sérnsíða heiti á appi, veldu heitið á appinu, smelltu á **Breyta**, og úthlutaðu heiti.
- Til að endurvekja heiti á appi, veldu heitið á appinu, smelltu á **Breyta**, og veldu síðan **Endurvekja merki apps**.
- Til að bæta við bili á milli appa, smelltu á **+**, veldu **AUTT BIL**, og smelltu síðan á **Bæta við**.
- Til að raða öppunum skaltu draga nöfn appanna í þá röð sem þú vilt.
- Til að endurheimta sjálfgefna heimaskjáinn, smelltu á **Endurheimta heimaskjáinn**.

4 Beittu breytingunum.

Studd forrit

Forrit	Gerðir prentara
Skönnunarmiðstöð	CX942, CX943, CX944, XC9445, XC9455, XC9465
Miðstöð flýtvísa	CX942, CX943, CX944, XC9445, XC9455, XC9465
Afrita kort	CX942, CX943, CX944, XC9445, XC9455, XC9465
sérnsíða skjá	CX942, CX943, CX944, XC9445, XC9455, XC9465
Aðstoð við viðskiptavini	XC9445, XC9455, XC9465
Kvótar tækis	XC9445, XC9455, XC9465

Setja upp skönnunarmiðstöð

1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Skönnunarmiðstöð**.

2 Veldu og búðu til ákvörðunarstað og settu upp stillingarnar.

Athugasemdir:

- Gakktu úr skugga um að þú staðfestir og stillir stillingar þar til engar villur eiga sér stað þegar þú ert að búa til ákvörðunarstað á netinu.

- Aðeins ákvörðunarstaðir búnir til frá innbyggða vefþjóninum eru vistaðir. Skoðaðu skjölin sem fylgdu með lausninni varðandi frekari upplýsingar.

3 Beittu breytingunum.

Búa til flýtvísi

1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Miðstöð flýtvísa**.

Athugasemd: Tákn og heiti gæti hafa breyst. Hafðu samband við þinn kerfisstjóra varðandi frekari upplýsingar

2 Veldu aðgerð prentara og snertu síðan **Búa til flýtvísi**.

Athugasemd: Aðgerðin fyrir öruggan tölvupóst er ekki studd.

3 Settu upp stillingarnar og snertu síðan **Vista**.

4 Skráðu einstakt heiti á flýtvísi.

Athugasemd: Til að komast hjá að klippt sé af heitum á heimaskjánum, skráðu aðeins allt að 25 staftáknum

5 Snertu **OK**.

Forritið býr sjálfvirkt til einstakt númer á flýtvísi.

Athugasemd: Til að ræsa flýtvísi, ýttu á , snertu # og skráðu síðan númer flýtvísis.

Setja upp afritun á korti

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Forrit > Afrita kort > Setja upp**.

Athugasemdir:

- Vertu viss um að sýna tákn sé virkt.
- Vertu viss um að stillingar fyrir tölvupóst og samnýtingu netkerfis séu uppsettar.
- Þegar verið er að skanna kort, vertu viss um að upplausn í skönnun sé ekki meiri en 200 dpi fyrir lit, og 400 dpi fyrir svart og hvítt.
- Þegar verið er að skanna mörg kort, vertu viss um að upplausn í skönnun sé ekki meiri en 150 dpi fyrir lit, og 300 dpi fyrir svart og hvítt.

3 Beittu breytingunum.

Athugasemd: Þú þarft harðan disk prentara eða skynvætt geymsludrif til að skanna mörg kort.

Nota sérsnið á skjá

Vertu viss um að gera eftirfarandi áður en forritið er notað:

- Í innbyggða vefþjónum, smella á **Forrit > Sérsníða skjá > Setja upp**.
- Virkja og setja upp stillingar fyrir skjáhvílu, myndasýningu og veggfóður.

Stjórna myndum fyrir skjáhvílu og myndasýningu

1 Í hluta fyrir myndir skjáhvílu og myndasýningar, bættu við, breyttu eða eyddu mynd.

Athugasemdir:

- Þú getur bætt við allt að 10 myndum.
- Þegar virkt þá birtast stöðutákn aðeins á skjáhvílu þegar villur, viðvaranir eða tilkynningar frá skýi eru til staðar.

2 Beittu breytingunum.

Breyta um mynd veggfóðurs

1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Breyta um veggfóður**.

2 Veldu mynd til að nota.

3 Beittu breytingunum.

Keyra myndasýningu frá minniskorti

1 Settu minniskort í USB-tengið.

2 Frá heimaskjá, snertu **Myndasýning**.

Myndirnar birtast í stafrófsröð.

Athugasemd: Þú getur fjarlægt minniskortið eftir að myndasýningin byrjar en myndirnar eru ekki vistaðar í prentaranum. Ef myndasýningin stöðvast, settu minniskortið inn aftur til að skoða myndirnar.

Nota Aðstoð við viðskiptavini

Athugasemdir:

- Þetta forrit er aðeins stutt í sumum gerðum prentara. Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Studd forrit” á síðu 39](#).
- Upplýsingar um hvernig á að setja upp stillingar forritsins má sjá í *Stjórnendaleiðbeiningar fyrir aðstoð við viðskiptavini*.

1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Aðstoð við viðskiptavini**.

2 Prenta upplýsingarnar eða senda í tölvupósti.

Setja upp kvóta tækis

Athugasemdir:

- Þetta forrit er aðeins stutt í sumum gerðum prentara. Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Studd forrit” á síðu 39](#).

- Upplýsingar um hvernig stilla á forritið má sjá í *Stjórnendaleiðbeiningar fyrir kvóta tækis*.

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Forrit > Kvótar tækis > Setja upp**.

3 Í kaflanum Reikningar notanda bættu við eða breyttu notanda og stilltu síðan kvóta notanda.

4 Beittu breytingunum.

Setja upp og nota eiginleika aðgengis

Virkja raddstýringu

Frá heimaskjánum

- 1 Í einni hreyfingu og með einum fingri, strjúktu hægt til vinstri og síðan upp á skjáinn þar til þú heyrir raddskilaboð.
- 2 Notaðu tvo fingur, snertu **OK**.

Athugasemd: Ef bendingin virkar ekki, beittu þá meiri þrýstingi.

Frá hnappaborðinu

- 1 Ýttu á og haltu **5** hnappinum þar til að talboð heyrast.
- 2 Ýttu á **Tab** til að færa bendilinn á OK-hnappinn og ýttu síðan á **Enter**.

Athugasemdir:

- Þegar kveikt er á raddstýringu skaltu alltaf nota tvo fingur til að velja hvaða atriði sem er á skjánum.
- Raddstýring er takmarkaðan tungumálastuðning.

Slökkva á raddstýringu

- 1 Í einni hreyfingu og með einum fingri, strjúktu hægt til vinstri og síðan upp á skjáinn þar til þú heyrir raddskilaboð.
- 2 Notaðu tvo fingur til að gera annað hvort af eftirfarandi:
 - Snertu **Raddstýring**, snertu síðan **OK**.
 - Snertu **Hætta við**.

Athugasemd: Ef bendingin virkar ekki, beittu þá meiri þrýstingi.

Þú getur líka slökkt á raddstýringu með því að gera annað hvort af eftirfarandi:

- Tvísmelltu á heimaskjáinn með tveimur fingrum.
- Ýttu á straumtakkann til að setja prentarann í svefnstillingu eða stillingu í dvala.

Fara um skjáinn með því að nota bendingar

Athugasemdir:

- Flestar bendingar eiga aðeins við þegar raddstýring er virk.
- Virkja stækkun til að nota bendingar aðdráttar og skimunar.
- Notaðu ápreifanlegt lykklaborð til að skrá staftákn og stilla ákveðnar stillingar.

Bending	Virgni
Strjúktu til vinstri og svo upp með einum fingri	Kveikja á stillingu aðgengis. Notaðu sömu bendingu til að hætta í stillingu aðgengis. Athugasemd: Þessi bending á einnig við þegar prentarinn er í venjulegri stillingu.
Tvísmella með því að nota einn fingur	Velja valkost eða hlut á skjánum.
Tvísmella á heimatáknið með því að nota tvo fingur	Slökkva á stillingu aðgengis.
Þrísmella með því að nota einn fingur	Aðdráttur inn eða út í texta eða myndum.
Strjúktu til hægri eða strjúktu niður með einum fingri	Fara í næsta hlut á skjánum.
Strjúktu til vinstri eða strjúktu upp með einum fingri	Fara í fyrri hlut á skjánum.
Strjúktu upp og svo niður með einum fingri	Fara í fyrsta hlutinn á skjánum.
Skima	Fara í hluta af mynd með aðdrætti sem eru fyrir utan mörk skjásins. Athugasemd: Notaðu tvo fingur til að draga mynd með aðdrætti.
Strjúktu upp og svo til hægri með einum fingri	Hækka hljóðstyrkinn. Athugasemd: Þessi bending á einnig við þegar prentarinn er í venjulegri stillingu.
Strjúktu niður og svo til hægri með einum fingri	Lækka hljóðstyrkinn. Athugasemd: Þessi bending á einnig við þegar prentarinn er í venjulegri stillingu.
Strjúktu upp og svo til vinstri með einum fingri	Hætta í forriti og fara til baka í heimaskjá
Strjúktu niður og svo til vinstri með einum fingri	Fara til baka í fyrri stillingu.

Nota hnappaborðið á skjánum

Þegar hnappaborðið á skjánum birtist, gerðu eitt af eftirfarandi:

- Snertu takka til að nota og slá inn staftákn í reitinn.
- Dragðu fingur yfir mismunandi staftákn til að nota og slá staftáknið inn í reitinn.
- Snertu textareit með tveimur fingrum til að nota stafina í reitnum.
- Snertu **Hnapp til baka** til að eyða staftáknum.

Virkja stillingu stækkunar

- 1 Í einni hreyfingu og með einum fingri, strjúktu hægt til vinstri og síðan upp á skjáinn þar til þú heyrir raddskilaboð.

Athugasemd: Fyrir gerðir prentara án innbyggðra hátalara skaltu nota heyrnartól til að heyra skilaboðin.

- 2 Notaðu tvo fingur, gerðu eftirfarandi:

- a Snertu **Stækkunarstilling**.
- b Snertu **OK**.

Athugasemd: Ef bendingin virkar ekki, beittu þá meiri þrýstingi.

Varðandi frekari upplýsingar varðandi færslu á stækkuðum skjá, sjá [“Fara um skjáinn með því að nota bendingar” á síðu 43](#).

Stilla hraða á raddstýringu


- 1 Frá heimaskjánum, veldu **Stillingar > Tæki > Aðgengileiki > Hraði raddstýringar**.
- 2 Veldu hraða tals.

Stilla sjálfvalinn hljóðstyrk höfuðheyrnatóla

- 1 Frá heimaskjánum, veldu **Stillingar > Tæki > Aðgengileiki**.
- 2 Stilla hljóðstyrk höfuðheyrnatóla.

Athugasemd: Hljóðstyrkur verður endurstilltur í sjálfgefið gildi eftir að notandinn fer úr stillingu aðgengis eða þegar prentarinn vaknar eftir svefn eða dvala.

Stilla sjálfvalinn hljóðstyrk innri hátalara

- 1 Frá heimaskjá, snertu .
- 2 Stilla hljóðstyrkinn.

Athugasemdir:

- Ef hljóðlát stilling er valin er slökkt á öllum hljóðviðvörðunum. Þessi stilling hægir einnig á frammistöðu prentarans.
- Hljóðstyrkur verður endurstilltur í sjálfgefið gildi eftir að notandinn fer úr stillingu aðgengis eða þegar prentarinn vaknar eftir svefn eða dvala.

Virkja töluð aðgangsorð eða persónuauðkennanleg númer (PIN)

- 1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar > Tæki > Aðgengileiki > Tala aðgangsorð/persónuauðkennanleg númer (PIN)**.
- 2 Virkja stillinguna.

Setja upp prentarann til að senda fax

Stutt fax

Gerð prentara	Hliðstætt fax	etherFAX ¹	Faxþjónn	Fax over IP (FoIP) ²
CX942	✓	✓	✓	✓
CX943	✓	✓	✓	✓
CX944	✓	✓	✓	✓
XC9445	✓	✓	✓	✓
XC9455	✓	✓	✓	✓
XC9465	✓	✓	✓	✓

¹ Þarfnast áskriftar. Varðandi frekari upplýsingar, farðu á <https://www.etherfax.net/lexmark> eða hafðu samband við þann stað sem þú keyptir prentarann.

² Þarfnast uppsetts leyfispakka. Hafðu samband við þann stað sem þú keyptir prentarann varðandi frekari upplýsingar.

Setja upp faxaþgerð sem notar hliðstætt fax

Athugasemdir:

- Sumar aðferðir við tengingu eiga aðeins við í sumum löndum eða svæðum.
- Ef faxaþgerð er virk og ekki uppsett að fullu þá gæti gaumljósið blikkað með rauðu ljósi.
- Ef þú ert ekki með TCP/IP-umhverfi, notaðu þá stjórnborð prentara til að setja upp faxið.

Viðvörðun—hugsanleg hættu: Til að forðast gagnatap eða truflun, ekki snerta snúrur eða prentarann á þeim svæðum sem eru sýnd þegar sending eða móttaka á faxi er virk.



Nota valmyndina Stillingar í prentaranum

- 1 Af heimaskjánum, snertu **Stillingar > Fax > Uppsetning á faxi > Almennar stillingar á faxi**.
- 2 Settu upp stillingarnar.

Nota innbyggða vefþjóninn

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjánum. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

- 2 Smelltu á **Stillingar > Fax > Uppsetning á faxi > Almennar stillingar á faxi**.
- 3 Settu upp stillingarnar.
- 4 Beittu breytingunum.

Setja upp faxaögerð sem notar etherFAX

Athugasemdir:

- Fastbúnaður prentara verður að vera uppfærður í nýjstu útgáfu. Varðandi frekari upplýsingar, sjá "[Uppfæra fastbúnað](#)" á síðu 80.
- Viðeigandi leyfispakki verður að vera uppsettur í prentaranum þínum. Varðandi frekari upplýsingar, hafðu samband við etherFAX.
- Gakktu úr skugga um að þú hafir skráð prentarann þinn í etherFAX gáttina. Varðandi frekari upplýsingar, farðu á <https://www.etherfax.net/lexmark>.
- Raðnúmers prentara er krafist við skráningu. Til að finna raðnúmerið, sjá "[Finna raðnúmerið á prentaranum](#)" á síðu 11.

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjánum. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Fax > Uppsetning á faxi > Almennar stillingar á faxi**.

Athugasemd: Uppsetning á faxi birtist aðeins ef Fax-stilling er stillt á Fax.

3 Í svæði Heiti á faxi skráðu einkvæmt heiti.

4 Í svæði Faxnúmer skráðu faxnúmerið sem etherFAX lét í té.

5 Í valmyndinni Flutningur á faxi veldu **etherFAX**.

Athugasemdir:

- Þessi valmynd birtist aðeins þegar fleiri en einn faxflutningur er tiltækur.
- Ef aðeins etherFAX er uppsett á prentaranum er það sjálfkrafa stillt.

6 Beittu breytingunum.

Setja upp aðgerð á faxi með því að nota faxþjón

Athugasemdir:

- Þessi aðgerð gerir þér kleift að senda faxskilaboð til faxþjónustuveitu sem styður móttöku tölvupósts.
- Þessi eiginleiki styður aðeins föx á útleið. Til að styðja við faxmóttöku skaltu ganga úr skugga um að þú hafir fax sem byggir á tæki, svo sem hliðrænt fax, etherFAX eða Fax yfir IP (FoIP), í prentaranum.

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjánum. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.

- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Fax**.

3 Í valmyndinni Faxstillingar veldu **Faxþjónn**, og smelltu síðan á **Vista**.

4 Smelltu á **Uppsetning faxþjóns**.

5 Í svæðinu Til að sníða skráðu **[#]@myfax.com**, þar sem **[#]** er faxnúmerið og **myfax.com** er lén faxveitunnar.

Athugasemdir:

- Ef þörf krefur, stilltu svæðin Vistfang svars, Efni, eða Skilaboð.
- Til að láta prentarann taka á móti faxskilaboðum skaltu virkja stillinguna fyrir tækið í prentaranum til að taka á móti faxi. Gangtu úr skugga um að þú sért með fax í prentaranum uppsett.

6 Smelltu á **Vista**.

7 Smelltu á **Stillingar tölvupósts í faxþjóni**, og gerðu síðan annað af eftirfarandi:

- Virkja **Nota SMTP þjón tölvupósts**.


Athugasemd: Ef SMTP stillingar tölvupósts eru ekki stilltar, skoðuðu þá [“Setja upp SMTP stillingar tölvupósts” á síðu 53](#).


- Stilla SMTP-stillingarnar. Hafðu samband við þína veitu tölvupósts varðandi frekari upplýsingar.


8 Beittu breytingunum.

Setja upp fax með því að nota venjulega símalínu.


Athugasemd: Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við prentara sem styðja hliðstætt fax. Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Stutt fax” á síðu 45](#).

 **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti skal ekki setja upp þessa vöru eða tengja einhverjar rafmagns- og kaplatengingar, svo sem rafmagnsleiðslu, faxeiginleika eða síma, á meðan á eldingarveður gengur yfir.

 **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti, notið ekki fax eiginleikann í þrumuveðri.

 **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Til að draga úr hættu á eldsvoða, notið aðeins 26 AWG eða stærri samskiptasnúru (RJ-11) þegar þessi vara er tengd við almennt símkerfi. Fyrir notendur í Ástralíu verður snúran að vera samþykkt af yfirvöldum samskipta og miðla í Ástralíu (Australian Communications and Media Authority).

Uppsetning 1: Prentarinn er tengdur við sérnóta faxlínu



- 1 Tengdu annan endann á símasnúru við línutengi á prentaranum.
- 2 Tengdu hinn enda símasnúrunnar í virkt hliðrænt vegg tengi.


Athugasemdir:

- Þú getur stillt prentarann til að taka við faxsendingum sjálfvirkt (stilling á sjálfvirkri svörun á **Kveikt**) eða handvirkt (stilling á sjálfvirkri svörun á **Slökkt**).
- Ef þú vilt taka sjálfvirkt á móti faxsendingum, stilltu þá prentarann til að svara eftir tiltekinn fjölda hringinga.

Uppsetning 2: Prentarinn er að deila línu með símsvara

Athugasemd: Ef þú ert áskrifandi að sérstakri hringiþjónustu vertu þá viss um að þú stilltir rétt hringimynstur fyrir prentarann. Að öðrum kosti tekur prentarinn ekki á móti faxsendingum jafnvel þótt þú hafir stillt hann til að taka sjálfvirkt við faxsendingum.

Tengdur við annað vegg tengi



- 1 Tengdu annan endann á símasnúru við línutengi á prentaranum.
- 2 Tengdu hinn enda símasnúrunnar í virkt hliðrænt vegg tengi.

Athugasemdir:

- Ef þú ert aðeins með eitt símanúmer á línunni þinni, þá þarf að stilla prentarann til að taka sjálfvirkt við faxesendingum.
- Stilltu prentarann til að taka við símhringingum tveimur hringingum á eftir símsvaranum. Til dæmis, ef símsvarinn svarar eftir fjórar hringingar þá á að setja stillingu prentarans í Hringingar að svörun á 6.

Setja upp fax í löndum eða svæðum með öðru vísi vegg tengjum og tengjum.

Athugasemd: Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við prentara sem styðja hliðstætt fax. Varðandi frekari upplýsingar, sjá "[Stutt fax](#)" á síðu 45.


VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI: Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti skal ekki setja upp þessa vöru eða tengja einhverjar rafmagns- og kaplatengingar, svo sem rafmagnsleiðslu, faxeiginleika eða síma, á meðan á eldingarveður gengur yfir.

VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI: Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti, notið ekki fax eiginleikann í þrumuveðri.

VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA: Til að draga úr hættu á eldsvoða, notið aðeins 26 AWG eða stærri samskiptasnúru (RJ-11) þegar þessi vara er tengd við almennt símkerfi. Fyrir notendur í Ástralíu verður snúran að vera samþykkt af yfirvöldum samskipta og miðla í Ástralíu (Australian Communications and Media Authority).


Staðalgerð veggtegis sem flest lönd eða svæði hafa tekið upp er RJ-11. Ef veggtegi eða búnaður á þínum stað er ekki með þessari tegund af tengi, notaðu þá símamillistykki. Millistykki fyrir land eða svæði kunna ekki að koma með prentarann, og þú gætir þurft að kaupa það sérstaklega.

Það kann að vera millistykki uppsett í símatengi á prentaranum. Ekki fjarlægja millistykkið úr símatengi prentarans ef þú ert að tengjast raðtengdu eða keðjutengdu símkerfi.



Heiti hlutar	Hlutanúmer
Lexmark millistykki	40X8519

Tengja prentarann við veggengi sem er ekki RJ-11.



- 1 Tengdu annan endann á símasnúru við línutengi á prentaranum.
- 2 Tengdu hinn enda símasnúrunnar í RJ-11 millistykkið, og tengdu síðan millistykkið í veggengið.
- 3 Ef þú vilt tengja annað tæki sem er ekki með RJ-11 tengi í sama veggengi, tengdu það þá beint við símamillistykkið.

Tengjast sérstakri hringþjónustu

Sérstök hringþjónusta lætur þig fá mörg símanúmer á einni símalínu. Hvert símanúmer fær úthlutað mismunandi hringimynstri.

- 1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar > Fax > Uppsetning á faxi > Móttökustillingar á faxi > Stillingar stjórnanda > Svára á.**
- 2 Veldu hringimynstur

Stilla dagsetningu á faxi og tíma

- 1 Frá heimskjánum, snertu **Stillingar > Tæki > Kjörstillingar > Dagsetning og tími > Setja upp**.
- 2 Settu upp stillingarnar.

Stilla sumartíma

- 1 Frá heimskjánum, snertu **Stillingar > Tæki > Kjörstillingar > Dagsetning og tími > Setja upp**.
- 2 Í valmynd fyrir Tímabelti snertu **(UTC+notandi) sérsnið**.
- 3 Í valmynd Uppsetning snertu **UTC hliðrun**.
- 4 Settu upp stillingarnar.

Setja upp stillingar hátalara fyrir fax

- 1 Af heimskjánum, snertu **Stillingar > Fax > Uppsetning á faxi > Stillingar hátalara**.
- 2 Gerðu eftirfarandi:
 - Stilltu Stillingu hátalara á **Alltaf á**.
 - Stilltu Hljóðstyrk hátalara á **Hátt**.
 - Virkjaðu Hljóðstyrk hringingar.

Setja upp SMTP stillingar tölvupósts

Stillta SMTP-stillingar (Simple Mail Transfer Protocol) til að senda skannað skjal í tölvupósti. Stillingar eru mismunandi hjá hverri þjónustu tölvupósts.

Áður en þú byrjar skaltu ganga úr skugga um að prentarinn sé tengdur við netkerfi og að netið sé tengt internetinu.

Nota innbyggða vefþjóninn

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

- 2 Smelltu á **Stillingar > Tölvupóstur**.

- 3 Í kaflanum Uppsetning á tölvupósti stilltu stillingarnar.

Athugasemdir:

- Hafðu samband við [lista yfir þína veitu tölvupósts](#) varðandi frekari upplýsingar.

- Fyrir tölvupóstþjónustur sem ekki eru á listanum skaltu hafa samband við þjónustuveituna þína og biðja um stillingarnar.

4 Smelltu á Vista.

Nota valmyndina Stillingar í prentaranum

- 1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar > Tölvupóstur > Uppsetning tölvupósts**.
- 2 Settu upp stillingarnar.

Athugasemdir:

- Hafðu samband við [lista yfir þína veitu tölvupósts](#) varðandi frekari upplýsingar.
- Fyrir tölvupóstþjónustur sem ekki eru á listanum skaltu hafa samband við þjónustuveituna þína og biðja um stillingarnar.

Þjónustur tölvupósts

- [AOL Mail](#)
- [Comcast Mail](#)
- [Gmail](#)
- [iCloud Mail](#)
- [Mail.com](#)
- [NetEase Mail \(mail.126.com\)](#)
- [NetEase Mail \(mail.163.com\)](#)
- [NetEase Mail \(mail.yeah.net\)](#)
- [Outlook Live eða Microsoft 365](#)
- [QQ Mail](#)
- [Sina Mail](#)
- [Sohu Mail](#)
- [Yahoo! Mail](#)
- [Zoho Mail](#)

Athugasemdir:

- Ef þú lendir í villum með því að nota stillingarnar skaltu hafa samband við tölvupóstþjónustuna þína.
- Varðandi beitur tölvupóstþjónustu sem ekki eru á listanum hafðu samband við þjónustuveituna þína.

AOL Mail

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.aol.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg

Stilling	Gildi
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð apps Athugasemd: Til að búa til aðgangsorð fyrir app, farðu á síðuna AOL Account Security skráðu þig inn á þinn reikning, og smelltu síðan á Búa til aðgangsorð apps .

Comcast Mail

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.comcast.net
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð reiknings

Athugasemd: Gakktu úr skugga um að aðgangssöryggisstilling þriðja aðila sé virkjuð á reikningnum þínum. Varðandi frekari upplýsingar, farðu á [hjálparsíðu Comcast Xfinity Connect](#).

Gmail™

Athugasemd: Vertu viss um að tveggja þrepa sannvottun sé virk á þínum Google reikningi. Til að virkja tveggja þrepa sannvottun, farðu á síðuna [Google Account Security](#) skráðu þig inn á reikninginn þinn, og í kaflanum „Skrá inn í Google“ smelltu á **2ja þrepa sannvottun**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.gmail.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang

Stilling	Gildi
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð apps Athugasemdir: <ul style="list-style-type: none"> Til að búa til aðgangsorð fyrir app, farðu á síðuna Google Account Security skráðu þig inn á reikninginn þinn, og síðan frá kaflanum „Skrá inn í Google“ smelltu á Aðgangsorð apps. „App passwords“ sést aðeins ef tveggja þrepa sannvottun er virk.

iCloud Mail

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að tveggja þrepa sannvottun sé virk á reikningnum þínum.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.mail.me.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð apps Athugasemd: Til að búa til aðgangsorð fyrir app, farðu á síðuna iCloud Account Management skráðu þig inn á reikninginn þinn, og síðan frá kaflanum Öryggi smelltu á Búa til aðgangsorð .

Mail.com

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.mail.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð reiknings

NetEase Mail (mail.126.com)

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að SMTP þjónusta sé virk á reikningnum þínum. Til að virkja þjónustuna, frá heimasíðu NetEase Mail, smelltu á **Stillingar > POP3/SMTP/IMAP** og virkjaðu síðan annað hvort **IMAP/SMTP þjónustu** eða **POP3/SMTP þjónustu**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.126.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	465
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð heimildar Athugasemd: Aðgangsorð heimildar er látið í té þegar IMAP/SMTP þjónusta eða POP3/SMTP þjónusta er virk.

NetEase Mail (mail.163.com)

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að SMTP þjónusta sé virk á reikningnum þínum. Til að virkja þjónustuna, frá heimasíðu NetEase Mail, smelltu á **Stillingar > POP3/SMTP/IMAP** og virkjaðu síðan annað hvort **IMAP/SMTP þjónustu** eða **POP3/SMTP þjónustu**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.163.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	465
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð heimildar Athugasemd: Aðgangsorð heimildar er látið í té þegar IMAP/SMTP þjónusta eða POP3/SMTP þjónusta er virk.

NetEase Mail (mail.yeah.net)

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að SMTP þjónusta sé virk á reikningnum þínum. Til að virkja þjónustuna, frá heimasíðu NetEase Mail, smelltu á **Stillingar > POP3/SMTP/IMAP** og virkjaðu síðan annað hvort **IMAP/SMTP þjónustu** eða **POP3/SMTP þjónustu**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.yeah.net
Aðaltengi SMTP-gáttar	465
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð heimildar Athugasemd: Aðgangsorð heimildar er látið í té þegar IMAP/SMTP þjónusta eða POP3/SMTP þjónusta er virk.

Outlook Live eða Microsoft 365

Þessar stillingar eiga við um lén outlook.com og hotmail.com og reikninga Microsoft 365.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.office365.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð reiknings eða aðgangsorð apps Athugasemdir: <ul style="list-style-type: none"> Notaðu aðgangsorð reikningsins þíns fyrir reikninga með tveggja þrepa staðfestingu óvirka. Notaðu aðgangsorð apps fyrir reikninga outlook.com eða hotmail.com með tveggja þrepa staðfestingu virka. Til að búa til aðgangsorð apps, farðu á síðuna Outlook Live Account Management og skráðu þig síðan inn á reikninginn þinn.

Athugasemd: Fyrir frekari uppsetningarvalkosti fyrir fyrirtæki sem nota Microsoft 365, farðu á [hjálparsíðu Microsoft 365](#).

QQ Mail

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að SMTP þjónusta sé virk á reikningnum þínum. Til að virkja þjónustuna, frá heimasíðu QQ Mail, smelltu á **Stillingar > Reikningur**. Í kaflanum POP3/IMAP/SMTP/Exchange/CardDAV/CalDAV Service virkjaðu annað hvort **POP3/SMTP þjónustu** eða **IMAP/SMTP þjónustu**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.qq.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Kóði heimildar Athugasemd: Til að búa til kóða heimildar frá heimasíðu QQ Mail, smelltu á Stillingar > Reikningur , og síðan frá kaflanum POP3/IMAP/SMTP/Exchange/CardDAV/CalDAV Service, smelltu á Búa til kóða heimildar .

Sina Mail

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að POP3/SMTP þjónustan sé virk á þínum reikningi. Til að virkja þjónustuna, frá heimasíðu Sina Mail, smelltu á **Stillingar > Fleiri stillingar > POP/IMAP/SMTP endanotanda** og virkjaðu síðan **POP3/SMTP þjónustu**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.sina.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Kóði heimildar Athugasemd: Til að búa til kóða heimildar frá heimasíðu netfangs, smelltu á Stillingar > Fleiri stillingar > POP/IMAP/SMTP endanotanda og virkjaðu síðan Stöðu kóða heimildar .

Sohu Mail

Athugasemd: Gangtu úr skugga um að SMTP þjónusta sé virk á reikningnum þínum. Til að virkja þjónustuna, frá heimasíðu Sohu Mail, smelltu á **Valkostir > Stillingar > POP3/SMTP/IMAP** og virkjaðu síðan annað hvort **IMAP/SMTP þjónustu** eða **POP3/SMTP þjónustu**.

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.sohu.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	465
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Sjálfstætt aðgangsorð Athugasemd: Sjálfstæða aðgangsorðið er veitt þegar IMAP/SMTP þjónusta eða POP3/SMTP þjónusta er virk.

Yahoo! Mail

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.mail.yahoo.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð apps Athugasemd: Til að búa til aðgangsorð apps, farðu á síðuna Yahoo Account Security skráðu þig inn á reikninginn þinn og smelltu síðan á Búa til aðgangsorð apps .

Zoho Mail

Stilling	Gildi
Aðal SMTP-gátt	smtp.zoho.com
Aðaltengi SMTP-gáttar	587
Nota SSL/TLS	Þarfnast
Krefjast áreiðanlegs vottorðs	Óvirkt
Vistfang svörunar	Þitt tölvupóstfang

Stilling	Gildi
Sannvottun á SMTP-þjóni	Innskráning / venjuleg
Tölvupóstur að frumkvæði tækis	Nota SMTP-réttindi tækis
Notandaauðkenni tækis	Þitt tölvupóstfang
Aðgangsorð tækis	Aðgangsorð reiknings eða aðgangsorð apps Athugasemdir: <ul style="list-style-type: none"> • Notaðu aðgangsorð reikningsins þíns fyrir reikninga með tveggja þrepa staðfestingu óvirka. • Notaðu aðgangsorð apps fyrir reikninga með tveggja þrepa staðfestingu virka. Til að búa til aðgangsorð apps, farðu á síðuna Zoho Mail Account Security skráðu þig inn á reikninginn þinn og síðan frá kaflanum Application-Specific Passwords smelltu á Búa til nýtt aðgangsorð.

Setja í pappír og sérstaka miðla

Stilla stærðir og gerð á sérstökum miðli.

Skúffurnar uppgötva sjálfkrafa stærð á venjulegum pappír. Fyrir sérstaka miðla eins og miða, þykkan pappír eða umslög, gerðu eftirfarandi:

- 1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar > Pappír > Uppsetning skúffu > Pappírsstærð/gerð > veldu uppruna pappírs**.
- 2 Stilltu stærð og gerð á sérstökum miðli.

Stilla alhliða pappírsstillingar

- 1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar > Pappír > Uppsetning á miðli > Alhliða uppsetning**.
- 2 Settu upp stillingarnar.

Hlaða 520-blaða skúffu



VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA: Hlaðið í hverja skúffu fyrir sig inn til að koma í veg fyrir óstöðugleika tækisins. Haldið öllum öðrum skúffum lokuðum þar til þörf er á.

- 1 Dragðu skúffuna út.




Athugasemd: Ekki toga út skúffur þegar prentarinn er upptekinn, til að komast hjá flækjum.




2 Stilltu stýringarnar til að samvara stærð á pappír sem verið er að hlaða.

Athugasemdir:

- Notið vísun á stærð pappírs í botni skúffu til að staðsetja stýringarnar.
- Við hleðslu á A3-, 11 tommu eða B4-pappír skal gæta þess að stilla aftari pappírsstýringu.
- Í skúffu 2 og valfrjálsum 520-blaða skúffum, við hleðslu á A3-pappír skal stilla aftari pappírsstýringu og hliðarstýringar. Stopparar fyrir aftan hliðarstýringuna læsa pappírsstærðina við A3. Við hleðslu á 12,6-tommu pappír skal stilla aftari pappírsstýringu og hliðarstýringar og þrýsta síðan á stopparana til að opna þá.



3 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu pappírsbrúnir áður en pappírnum er hlaðið.



4 Hlaðið pappírsstaflanum með prenthliðina upp.


Þegar verið er að hlaða bréfhaus eða forgataðan pappír, gerðu annað af eftirfarandi:

Fyrir prentun á eina hlið, löng brún


- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi upp og í átt að aftari hluta skúffunnar.




- Hladdu forgötuðum pappír snúandi upp með götin vinstra megin í skúffunni.

**Fyrir prentun á eina hlið, stutt brún**

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi upp og í átt að vinstri hlið skúffunnar.




- Hladdu forstimpluðum pappír snúandi upp með götin í átt að framhlið skúffunnar.




Fyrir prentun á tvær hliðar, löng brún


- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að aftari hluta skúffunnar.




- Hladdu forgötuðum pappír snúandi niður með götin hægra megin í skúffunni.

**Fyrir prentun á tvær hliðar, stutt brún**

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að vinstri hlið skúffunnar.




- Hladdu forstimpluðum pappír snúandi niður með götin í átt að aftari hluta skúffunnar.



Athugasemdir:

- Ekki renna pappírnum í skúffuna.
- Vertu viss um að hliðarstýringarnar passi þétt upp við pappírinn.
- Vertu viss um að hæð á stafla sé fyrir neðan vísun á hámarksfyllingu. Yfirfylling getur valdi flækju.

**5** Settu skúffuna inn.

Ef þörf krefur, stilltu stærð pappírs og gerð til að samsvara pappír sem er í skúffunni.

Athugasemd: Þegar frágangseining er sett upp er myndunum snúið í 180° þegar þær eru prentaðar.

Hlaða 2000-blaða samstæðuskúffu


VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA: Hlaðið í hverja skúffu fyrir sig inn til að koma í veg fyrir óstöðugleika tækisins. Haldið öllum öðrum skúffum lokuðum þar til þörf er á.

1 Dragðu skúffuna út.


Athugasemd: Ekki toga út skúffur þegar prentarinn er upptekinn, til að komast hjá flækjum.



2 Stilltu stýringarnar til að samvara stærð á pappír sem verið er að hlaða.



3 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu pappírsbrúnir áður en pappírnum er hlaðið.



4 Hlaðið pappírsstaflanum með prenthliðina upp.


Þegar verið er að hlaða bréfhaus eða forgataðan pappír, gerðu annað af eftirfarandi:

Fyrir prentun á einni hlið

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi upp og í átt að aftari hluta skúffunnar.



- Hladdu forgötuðum pappír snúandi upp með götin vinstra megin í skúffunni.



Fyrir prentun á tvær hliðar

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að aftari hluta skúffunnar.



- Hladdu forgötuðum pappír snúandi niður með götin hægra megin í skúffunni.



Athugasemdir:

- Ekki renna pappírnum í skúffuna.
- Vertu viss um að hæð á stafla sé fyrir neðan vísun á hámarksfyllingu. Yfirfylling getur valdi flækju.

**5** Settu skúffuna inn.

Ef þörf krefur, stilltu stærð pappírs og gerð til að samsvara pappír sem er í skúffunni.


Athugasemd: Þegar frágangseining er sett upp er myndunum snúið í 180° þegar þær eru prentaðar.

Hlaða 2000-blaða skúffu




VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA: Hlaðið í hverja skúffu fyrir sig inn til að koma í veg fyrir óstöðugleika tækisins. Haldið öllum öðrum skúffum lokuðum þar til þörf er á.

1 Dragðu skúffuna út og opnaðu síðan hurðina á hlið skúffunnar.


Athugasemd: Ekki toga út skúffur þegar prentarinn er upptekinn, til að komast hjá flækjum.




2 Stilltu stýringuna aftan á skúffunni. Gerðu það sama framan á skúffunni.



3 Stilltu stöngina á hurðinni á hlið skúffunnar.



4 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu pappírbrúnir áður en pappírnum er hlaðið.




5 Hlaðið pappírsstaflanum með prenthliðina upp.


Þegar verið er að hlaða bréfhaus eða forgataðan pappír, gerðu annað af eftirfarandi:

Fyrir prentun á einni hlið

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að aftari hluta skúffunnar.




- Hladdu forgötuðum pappír snúandi niður með götin vinstra megin í skúffunni.




Fyrir prentun á tvær hliðar

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi upp og í átt að aftari hluta skúffunnar.



- Hladdu forgötuðum pappír snúandi upp með götin vinstra megin í skúffunni.



Athugasemd: Vertu viss um að hæð á stafla sé fyrir neðan vísun á hámarksfyllingu. Yfirfylling getur valdi flækju.




6 Lokaðu hurðinni á hlið skúffunnar og settu síðan inn skúffuna..

Ef þörf krefur, stilltu stærð pappírs og gerð til að samsvara pappír sem er í skúffunni.


Athugasemd: Þegar frágangseining er sett upp er myndunum snúið í 180° þegar þær eru prentaðar.

Hlaða skúffa fyrir umslög


 **VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA:** Hlaðið í hverja skúffu fyrir sig inn til að koma í veg fyrir óstöðugleika tækisins. Haldið öllum öðrum skúffum lokuðum þar til þörf er á.

1 Dragðu skúffuna fyrir umslög út.

Athugasemd: Ekki toga út skúffur þegar prentarinn er upptekinn, til að komast hjá flækjum.




2 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu umslög áður en þeim er hlaðið.




3 Stilltu stýringarnar til að samvara stærð á umslagi sem verið er að hlaða.

Athugasemd: Notið vísun á stærð pappírs í botni skúffu til að staðsetja stýringarnar.




4 Hladdu umslögum með hlið með flipa niður og að vinstri hlið á skúffunni.



Athugasemdir:

- Vertu viss um að hliðarstýringarnar passi þétt upp við umslögin.
- Vertu viss um að hæð á stafla sé fyrir neðan vísun á hámarksfyllingu. Yfirfylling getur valdi flækju.




5 Settu skúffuna inn.


Ef þörf krefur, stilltu stærð pappírs og gerð til að samsvara umslaginu sem er í skúffunni.

Hlaða í fjölnotamatara


1 Opnaðu fjölnotamatarann.



2 Stilltu hliðarstýringarnar til að samvara stærð á pappír sem verið er að hlaða.



3 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu pappírbrúnir áður en pappírnum er hlaðið.





4 Settu pappírinn í.



Athugasemd: Vertu viss um að hliðarstýringarnar passi þétt upp við pappírinn.

Fyrir mötun með langri brún:

- Hlaðið pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að aftari hluta prentarans fyrir prentun á eina hlið. Hladdu forgötuðum pappír snúandi niður með götin hægra megin á pappírnum.





- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi upp og í átt að aftari hluta prentarans fyrir prentun á báðar hliðar. Hladdu forgötuðum pappír snúandi upp með götin vinstra megin á pappírnum.





Fyrir mötun með stuttri brún:

- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að vinstri hlið pappírsins fyrir prentun á eina hlið. Hladdu forgötuðum pappír snúandi niður með götin í átt að framhlið prentarans.



- Hladdu pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að hægri hlið pappírsins fyrir prentun á báðar hliðar. Hladdu forgötuðum pappír snúandi upp með götin í átt afturhlið prentarans.



Athugasemd: Þegar frágangseining er sett upp snýr prentarinn myndunum í 180°.

Tengja skúffur

- 1 Frá heimaskjánum, snertu **Stillingar** > > **Pappír** > **Uppsetning skúffu** > > veldu uppruna pappírs.
- 2 Stilla sömu pappírsstærð og pappírsgerð fyrir skúffur sem þú ert að tengja.
- 3 Á heimaskjánum, snertu **Stillingar** > **Tæki** > **Viðhald** > **Valmynd uppsetningar** > **Uppsetning skúffu** > **Tenging skúffu**.
- 4 Snertu **Sjálfvirkt**.

Til að aftengja bakka skaltu ganga úr skugga um að engar skúffur séu með sömu stillingar á pappírsstærð eða gerð.

Viðvörðun—hugsanleg hættu: Hitastig á hitagjafa er breytilegt og fer eftir skilgreindri pappírsgerð. Samstilltu stillingar á pappírsgerð í prentaranum við pappírinn sem hlaðið er í skúffuna til að komast hjá vandamálum í prentun.

Setja upp og uppfæra hugbúnað, prentrekla og fastbúnað

Setja upp hugbúnað prentara

Athugasemdir:

- Prentrekilinn er innifalinn í uppsetningarpakka hugbúnaðar.

- Fyrir Macintosh tölvur með macOS útgáfu 10.7 eða nýrri þarftu ekki að setja upp rekilinn til að prenta á AirPrint-vottaðan prentara. Ef þú vilt sértæka eiginleika prentunar, hladdu þá niður prentreklinum.

1 Náðu í afrit af uppsetningarbúnaði hugbúnaðar.

- Á geisladiski hugbúnaðar sem fylgdi með prentaranum.
- Farðu á www.lexmark.com/downloads.

2 Keyrðu uppsetningarforritið og fylgdu leiðbeiningum sem birtast á tölvuskjánum.

Setja upp faxrekilinn

1 Farðu á www.lexmark.com/downloads, leitaðu að þinni gerð prentara, og hladdu síðan niður viðeigandi uppsetningarpakka.

2 Á tölvunni þinni, smelltu á **Eiginleika prentara**, og farðu síðan á flipann **Uppsetning**.

3 Veldu **Fax**, og smelltus íðan á **Nota**.

Bæta prenturum við tölvu

Gerðu eitt af eftirfarandi, áður en þú byrjar:

- Tengdu prentarann og tölvuna við sama netkerfi. Varðandi frekari upplýsingar um að tengja prebtarann við netkerfi, sjá [“Tengja prentarann við þráðlaust netkerfi \(Wi-Fi\)” á síðu 186](#).
- Tengja tölvuna við prentarann. Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Tengja tölvu við prentarann” á síðu 188](#).
- Tengdu prentarann við tölvuna með því að nota USB-kapal. Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Tenging á köplum” á síðu 36](#).

Athugasemd: USB-kapallinn er seldur sérstaklega.

Fyrir Windows-notendur

1 Frá tölvunni, settu upp prentrekilinn.

Athugasemd: Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Setja upp hugbúnað prentara” á síðu 78](#).

2 Opnaðu **Prentarar og skannar**, og smelltu síðan á **Bæta við prentarar eða skanner**.

3 Það fer eftir gerð á þínum prentara, gerðu eitt af eftirfarandi:

- Vedlu prentarann úr listanum, og smelltu síðan á **Bæta við tæki**.
- Smelltu á **Sýna Wi-Fi Direct prentara**, veldu prentara, og smelltu síðan á **Bæta við tæki**.
- Smelltu á **Prentarinn sem mig vantar er ekki á lista**, og síðan í glugganum **Bæta við prentara** gerðu eftirfarandi:
 - a Veldu **Bæta við prentara sem notar TCP/IP-tölu eða hýsiheiti**, og smelltu síðan á **Næst**.
 - b Í svæðinu „Hýsiheiti eða IP-tala“ skráðu IP-tölu prentarans, og smelltu síðan á **Næst**.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

c Veldu prentrekil og smelltu síðan á **Næst**.

- d Veldu **Nota þann prentrekil sem er uppsettur núna (meðmælt)**, og smelltu síðan á **Næst**.
- e Skráðu heiti prentara, og smelltu síðan á **Næst**.
- f Veldu valkost deilingar prentara, og smelltu síðan á **Næst**.
- g Smelltu á **Ljúka**.

Fyrir Macintosh-notendur

- 1 Frá tölvunni, opnaðu **Prentarar og skannar**.
- 2 Pikkaðu á **+**, og veldu síðan prentara.
- 3 Í valmynd Nota, veldu prentrekil.

Athugasemdir:

- Til að nota Macintosh prentrekilinn, veldu annað hvort **AirPrint** eða **Secure AirPrint**.
- Ef þú vilt sértæka eiginleika prentunar, veldu þá Lexmark prentrekilinn. Til að setja upp rekilinn, sjá [“Setja upp hugbúnað prentara” á síðu 78](#).

- 4 Bæta við prentara.

Uppfæra fastbúnað

Uppfærðu fastbúnað prentarans reglulega til að bæta frammistöðu prentarans og lagfæra vandamál.

Varðandi nánari upplýsingar um uppfærslu á fastbúnaði, hafðu samband við þinn söluaðila Lexmark.

Til að sækja nýjasta fastbúnað, farðu á www.lexmark.com/downloads, og leitaðu síðan að þinni gerð prentara.

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

- 2 Smelltu á **Stillingar > Tæki > Uppfæra fastbúnað**.

- 3 Gerðu annað hvort af eftirfarandi:

- Smelltu á **Athuga varðandi uppfærslur > Ég samþykki, hefja uppfærslu**.
- Hlaða upp flasskrá.
 - a Skoða flass-skrána.

Athugasemd: Vertu viss um að hafa dregið út zip-skrá fastbúnaðar.

- b Smelltu á **Hlaða upp > Byrja**.

Flytja út eða flytja inn uppsetningarskrá.

Þú getur flutt uppsetningarstillingar út í textaskrá, og flutt síðan skrána inn til að beita stillingum á aðra prentara.

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Í innfellda vefþjóninum, smelltu á **Flytja út uppsetningu** eða **Flytja inn uppsetningu**.

3 Fylgdu leiðbeiningum á skjánum.

4 Ef prentarinn styður forrit, framkvæmdu þá eftirfarandi:

- a Smelltu á **Forrit** > veldu forritið > **Setja upp**.
- b Smelltu á **Flytja út** eða **Flytja inn**.

Bæta við tiltækum valkostum í prentrekli

Fyrir Windows-notendur

- 1 Opnaðu möppu fyrir prentara.
- 2 Veldu prentarann sem þú vilt uppfæra, og gerðu síðan annað af eftirfarandi:
 - Fyrir Windows 7 eða nýrra, veldu **Eiginleika prentara**.
 - Fyrir eldri gerðir, veldu **Eiginleikar**.
- 3 Farðu í flípa fyrir stillingar og veldu síðan **Uppfæra núna - spyrja prentara**.
- 4 Beittu breytingunum.

Fyrir Macintosh-notendur


- 1 Frá kjörstillingum kerfis í Apple-valmyndinni, farðu í þinn prentara og veldu síðan **Valkostir & Birgðir**.
